

9. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 86 4. júlí 1985 um viðskipta-  
banka og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 26. maí 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Tryggvi Axelsson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almanna-  
tryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní n.k. að telja um 2,85% frá því,  
sem þær eru 31. maí 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með  
síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*

## REGLUGERÐ

### um notkun glaðlofts við tannlækningar.

1. gr.

Tannlæknir hefur leyfi til að nota glaðloft við störf sín hafi hann lokið tilskildu námi,  
sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir í því skyni, við Tannlæknadeild  
Háskóla Íslands.

2. gr.

Tannlæknir getur einnig öðlast slíkt leyfi, hafi hann lokið námi í notkun glaðlofts og  
glaðloftstækja, sem viðurkennt er af tannlæknadeild og ráðuneytinu.

3. gr.

Glaðloftsvélar, sem nota á hér á landi, skulu viðurkenndar af heilbrigðis- og  
tryggingamálaráðuneytinu. Þær skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a. Vera þannig úr garði gerðar, að sjálfkrafa lokist fyrir flæði glaðlofts, ef súrefni þrýtur.
- b. Stjórnkerfi vélar tryggi, að aldrei geti verið minna en 20% súrefni í loftblöndu til  
innöndunar.
- c. Rúmtak öndunarbelgs glaðloftsvélar skal ekki fara fram úr 1,5 lítra.
- d. Glaðloftsvél skal vera búin útsogskerfi, sem fjarlægir útöndunarloft sjúklings út úr húsi.

Auk þessa skal ávallt vera til staðar innan seilingar handvirkur öndunarbelgur (Ambu-  
bag).